

Það er álit hinna sérfróðu meðdómsmanna að fallast beri á með matsmönnum að nauðsynlegt hafi verið við undirbyggingu götunnar að fylla lítillaga út fyrir afmarkað götustæði eða allt að 0,5 m hvoru megin.

Telja verður að kvartanir af hálfu húseigenda við stefnda hafi verið nægar.

Matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna hefur ekki verið hnekkt. Verður hún því lögð til grundvallar í málinu, en kostnaður samkvæmt henni nemur samtals kr. 67.900,00 og verður sú fjárhæð tekin til greina.

Skýra ber málflutning af hálfu stefnda svo að stefndi hafi viðurkennt skyldu sína til að greiða kostnað af einu niðurfalli sem stefnda hafi láðst að setja í götuna. Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja í málinu, þykir hæfilegt að meta kostnað við þennan verkhluta á samtals kr. 12.000,00.

Samkvæmt þessu verður niðurstaða málsins sú, að stefndi er dæmdur til að greiða stefnanda kr. 79.900,00 (67.900,00 + 12.000,00). Þá ber stefnda að greiða stefnanda vexti eins og í dómsorði greinir svo og málskostnað, sem ákveðst kr. 45.000,00.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Byggingarfélagið Ós hf., greiði stefnanda, Hagsmunafélagi lóðareigenda á byggingarreit I við Nesbala á Seltjarnarnesi, kr. 79.900,00 með 42% ársvöxtum frá 1. janúar 1983 til 29. júní 1983 og með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 45.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 13. mars 1986.

Nr. 5/1986. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Hlyni Guðmundssyni

(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)

Manndráp af gáleysi. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Héraðsdómi var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 13. desember 1985, og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 30. janúar sl.

Fallast ber á þá niðurstöðu héraðsdóms að ákærði hafi ekið bifreiðinni of hratt og ógætilega miðað við aðstæður. Hefur hann með því brotið gegn 1. mgr. sbr. b- og i-liði 3. mgr. 49. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, en ákvæði þessi tæma sök að þessu leyti, þannig að 26. gr. umferðarlaga verður eigi beitt jafnframt. Þar sem mannsbani hlaut af ógætni ákærða verður einnig að refsa honum fyrir mann-dráp af gáleysi samkvæmt 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða, sem var einungis 17 ára er slysið varð og hafði aldrei fyrr verið kærður fyrir lagabrot, þykir hæfilega ákveðin í héraðsdómi. Ennfremur ber að staðfesta ákvæði dómsins um réttindasviptingu og sakarkostnað.

Ákærði verður dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Hlynur Guðmundsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 12.000,00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Gísla Baldurs Garðarssonar hæstaréttarlögmans, 12.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Grindavíkur 29. október 1985.

Ár 1985, þriðjudaginn 29. október, er í sakadómi Grindavíkur, sem haldinn er í skrifstofu dómsins, Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Guðmundi Kristjánssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 665/1985: Ákærvaldið gegn Hlyni Guðmundssyni.

Mál þetta, sem þingfest var 30. júlí sl. og dómtekið 10. þ.m., hefur ríkissaksóknari höfðað fyrir dóminum með ákæru, dags. 5. júní sl., á hendur „Hlyni Guðmundssyni, Vesturbraut 15, Grindavík, fæddum 26. ágúst 1967 í Reykjavík, fyrir að aka aðfaranótt laugardagsins 16. febrúar 1985 bifreiðinni Ö-6302 norður Grindavíkurveg við Gíghæð í Gullbringusýslu svo óvarlega og of hratt miðað við aðstæður, en myrkur var, snjóköma, stormur og hálka á veginum, að bifreiðin fór út af veginum og valt nokkra hringi.

Við það kastaðist farþeginn Hafdís Halldórsdóttir, fædd 17. september 1968, út úr bifreiðinni og hlaut svo mikla höfuðáverka auk brota á þriðja og fjórða rífi hægra megin að hún lést stuttu síðar.

Telst þetta varða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. og 3. mgr., staflíði b og i, 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Laugardaginn 16. febrúar sl., kl. 1.50 um nóttina, var lögreglunni hér í umdæmi tilkynnt um umferðarslys á Grindavíkurvegi. Fóru lögreglumenn strax á staðinn og er þeir komu í brekku á norðurhlið Gíghæðar sáu þeir bifreiðina Ö-6302 utan vegar. Var hún illa farin og hafði sýnilega farið nokkrar veltur og stöðvast á hjólnum um 9 metra fyrir utan h. vegarbrún. Hafði bifreiðin verið á leið norður Grindavíkurveg.

Um 3 metra norðan við bifreiðina lá stúlka, Hafdís Halldórsdóttir, f. 17.9. 1968, til heimilis að Tjarnargötu 33, Keflavík. Var hún meðvitundarlaus og úrskurðuð látin er komið var með hana á sjúkrahúsið í Keflavík. Var lík hennar krufið og reyndist banamein hennar vera miklir áverkar á höfuðkúpu og heila, rifbeinsbrot og dreifðir blæðingarfleckir í lungum. Munu áverkar þessi fljótlega hafa valdið andláti stúlkunnar.

Ákærði ók bifreiðinni Ö-6302 í umrætt sinn.

Í rannsóknarskýrslu kvaðst hann hafa verið heima hjá sér ásamt Herdísí Andrésdóttur, Hafdísí heitinni og fleira fólki, þegar stýrimaður báts þess, sem hann var á, hringdi og sagði honum að mæta til skips. Lagði ákærði af stað til Keflavíkur á nefndri bifreið og kom Herdís og Hafdís með honum. Sat sú fyrrnefnda í aftursæti en Hafdís í framsæti. Aðstæður til aksturs hafi verið slæmar, fljógandi hálka og slabb á veginum en ekkert rok. Sagðist ákærði hafa ekið á u.þ.b. 70 km/klst. hraða og búinn að hafa ágætt vald á bifreiðinni er hann kom yfir hæðina skammt sunnan við slystaðinn. Fór afturendi bifreiðarinnar þá að renna til en með því að hægja aðeins á ferðinni náði ákærði að rétta hana af, en augnabliki síðar hóf hún að renna til aftur, fór á hlið út af veginum og valt um leið og hjólin komu í mölina. Ekkert þeirra var í öryggisbelti og kastaðist ákærði út úr bifreiðinni í fyrstu veltunni og lá u.þ.b. 5-10 metra frá henni er hún stöðvaðist. Ekki vissi hann hversu margar veltur bifreiðin fór. Gekk hann að bifreiðinni og svaraði Herdís kalli hans þar sem hún lá í aftursæti. Fljótlega sá hann Hafdísí meðvitundarlausu og gerði sér grein fyrir því að hún var mikið slösuð. Hjóp hann upp á veg og nokkrum mínútum síðar kom lögreglubifreið suður Grindavíkurveg og nam staðar.

Í þessari skýrslu ákærða kom fram að hann hafði tvívegis ekið bifreiðinni til Keflavíkur og til baka um daginn og kvöldið þ. 15.2. og einnig um götur

Keflavíkur og Grindavíkur. Hafði hann hætt akstrinum u.þ.b. hálf tíma áður en framanlýst ferð hófst.

Framburður ákærða fyrir dómi var á þá leið að hann hefði ekið bifreiðinni á um 70 km/klst. hraða þar til skömmu áður en slysið varð. Þá hafi bifreiðin runnið til sakir hálku, en hennar hafði hann ekki orðið var fyrir í ferðinni. Náði hann valdi á bifreiðinni og hafði minnkað hraðann niður í 50-60 km/klst. er hún hóf á ný að renna til á veginum. Hafnaði hún síðan utan vegar, svo sem áður er frá greint. Ákærði kvað ekki hafa verið hvasst í umrætt sinn, gola eða þar um bil. Hann kvaðst hafa ekið bifreiðinni Ö-6302 talsvert frá því hann tók bílpróf í desembermánuði sl. og verið orðinn vanur henni. Hafi hún verið búin nýlegum negldum hjólbörðum á öllum hjólum. Þá sagði hann að ekkert hefði snjóað frá því hann lagði af stað frá Grindavík og þar til slysið varð.

Áðurnefnd Herdís Andrésdóttir, f. 27.1. 1968, segir í vitnisburði sínum að hún hafi ekkert verið að fylgjast með akstrinum, þar sem hún hafi lagt sig í aftursætið vegna syfju. Ekki sofnaði hún, en vissi ekki fyrir en bifreiðin byrjaði að renna til og fór út af veginum í sömu andrá og valt. Ekki vissi hún hvort hún missti meðvitund, en það næsta, sem hún mundi, var kall ákærða.

Í framburði Herdísar kom og fram að hún hefði verið á „rúntinum“ í Keflavík og síðan farið til Grindavíkur með ákærða fyrir sama kvöld og hafi hann þá hvorki ekið hratt né óvarlega. Hún hafði oft verið farþegi í bifreið hans og hafi hann ávallt ekið varlega og teldi hún hann öruggan bílstjóra.

Þess skal getið hér að ákærði og Herdís hlutu einungis smávægileg meiðsl.

Lögreglumennirnir Eiður Eiðsson og Hörður Sigurðsson komu fyrstir á slysstaðinn. Sá fyrrnefndi segir í vitnisburði sínum að þeir hafi verið í eftirlitsferð og ekið suður Grindavíkurveg. Snjófól var á veginum og fremur hált, en ekki nein fljúgandi hálka. Gekk á með hryðjum og var strekkingsvindur í þeim og snjókoma. Komu þeir þar að er fólk stóð á veginum og gaf þeim merki um að stöðva. Voru það piltur og stúlka í miklum hugaræsingi. Hafi pilturinn sagt að hann hefði misst stjórn á bifreið sinni og hún hafnað utan vegar.

Hafi þeir lögreglumennirnir síðan gert viðeigandi ráðstafanir vegna slyssins.

Eyjólfur Guðlaugsson lögreglumaður í Grindavík, sem fór á slysstaðinn, segir í vitnisburði sínum að vegurinn hafi verið blautur og háll, snjókrap hafi verið á honum og aðstæður því frekar slæmar til aksturs. Ekki hafi verið mjög hvasst. Byrjað hafi að snjóa eftir að þeir lögreglumennirnir komu á slysstað, en snjókoma hafi verið af og til fyrir um kvöldið. Eftir

vegsummerkjum að dæma virtist bifreiðinni Ö-6302 hafa verið ekið beint út af veginum en snúist í kantinum og sennilega oltið tvær veltur.

Sigurður Hauksson Bergmann lögreglumaður í Grindavík kvaðst hafa ekið lögreglubifreiðinni á vettvang eftir að tilkynnt hafði verið um slysið. Hafi akstursskilyrði verið léleg, mikið krap á veginum og gengið á með eljum. Rok hafi verið, en ekki mundi hann úr hvaða átt vindurinn stóð. Hann kvað að einmitt á slysstaðnum virðist myndast sviptivindar í austan og vestan átt. Ekki mundi hann hvort Grindavíkurvegur hafi almennt verið háll í umrætt sinn, en á slysstaðnum hafi verið hálkublettur. Sé vegurinn beinn þarna og halli niður af Gíghæð. Af förum á veginum mátti ráða að ákærði hafi átt í erfiðleikum með stjórn bifreiðarinnar.

Í gögnum málsins kemur fram að bifreiðin Ö-6302 hafi verið búin negldum hjólbörðum á öllum hjólum. Við skoðun eftir slysið voru hemlar eðlilegir við ástig og stýrisbúnaður virkur. Báðir hjólbardarnir v. megin voru loftlausir. Á ljósmyndum, teknum á vettvangi um nóttina, sést að þá var snjókoma.

Í vottorði Veðurstofu Íslands um veður á Reykjanesvita á miðnætti umrædda nótt segir að vindátt og veðurhæð hafi verið SSA 3, mest veðurhæð milli veðurathugana 7 vindstig, snjó- eða slydduél á síðustu klukkustund og hiti 1.2°. Á sama tíma hafi á Keflavíkurflugvelli verið SSV 4, mest 5 vindstig milli athugana, snjóél og hiti 1.1°. Kl. 3 um nóttina hafi þar verið S 3, mest 4 vindstig milli athugana, snjó- eða slydduél á síðustu klukkustund og hiti — 0.4°.

Verjandi ákærða gerir þær dómkröfur að ákærði verði sýknaður af ákærunni en til vara að hann verði dæmdur til vægustu refsingar, sem lög leyfa. Hafi ákærði hagað akstri sínum fullkomlega í samræmi við aðstæður og verði því slysið ekki rakið til óvarlegs aksturs hans, heldur sé hér um óhappatilvik að ræða. Sé ekki með neinu móti gáleysi ákærða um að kenna.

Í framburði ákærða fyrir rannsóknarlögreglu kom fram að akstursaðstæður hafi verið slæmar, fljúgandi hálka og slabb á veginum. Fyrir dómi sagði ákærði hins vegar, að hann hafi ekki orðið var háliku fyrr en rétt áður en slysið varð. Hvað sem þessu misræmi líður er ljóst með framburði ákærða sjálfs og framburðum lögreglumannanna Eiðs, Eyjólfss og Sigurðar að vegurinn hefur verið háll á slysstaðnum. Ákærði átti að gera sér grein fyrir að akstursaðstæður gætu verið viðsjárverðar með tilliti til rýsjóttss veðurlags umrædda nótt, en engu að síður ók hann á um 70 km/klst. hraða er bifreiðin byrjaði að rása til á veginum og þrátt fyrir að hann drægi úr hraða hennar og næði að rétta hana við hóf hún aftur að renna til með þeim afleiðingum að hún fór út af veginum og valt og nefnd Hafðís beið bana. Þykir þarna vera um að kenna óvarkárni og of hröðum akstri ákærða miðað við aðstæður, sem meta verður honum til gáleysis.

Af því, sem hér hefur verið rakið, er sannað að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi er greinir í ákæru, að öðru leyti en því að ósannað er að snjócoma og stormur hafi verið einmitt þá er slysið varð, og er hún brot gegn lagaákvæðum þeim sem þar eru nefnd.

Ákærði hefur samkv. sakavottorði ekki sætt neinni refsingu.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 15.000,00 kr. sekt í ríkissjóð er greiðist innan 4 vikna frá dómsbirtingu en ella sæti hann 15 daga varðhaldi í hennar stað.

Ákærði þykir ennfremur hafa unnið til ökuleyfissviptingar samkv. 81. gr. umfl. og telst hún hæfilega ákveðin 6 mánuðir frá dómsbirtingu.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla B. Garðarssonar hdl., kr. 8.000,00.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hlynur Guðmundsson, greiði 15.000,00 króna sekt í ríkissjóð innan 4 vikna frá dómsbirtingunni en sæti ella 15 daga varðhaldi í hennar stað.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá dómsbirtingu.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla B. Garðarssonar hdl., kr. 8.000,00.

Fimmtudaginn 13. mars 1986.

Nr. 137/1984. **Sigþór Guðmundsson**

(Tómas Gunnarsson hrl.)

gegn

Dagbjarti Jónssyni

(Árni Guðjónsson hrl.)

Lausafjárkaup. Gallar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. júlí 1984 að fengnu áfrýjunarleyfi 10. s.m. Hann krefst sýknu af